

6.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn sunnudaginn 8.júlí 2018 kl. 112:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður Fossdag Melúm 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Úlfar Eyjólfsson Krossnesi sem fyrsti varamaður. Guðlaugur Ágústsson komst ekki til fundar.

**Dagskrá:**

1. Kosning í nefndir, fulltrúa á Sambandsþing, fulltrúa á Fjórðungsþing.o.fl.
2. Vegabætur á vegum hreppsins fyrir fé úr styrkvegasjóði á leiðinni Norðurfjörður-Munaðarnes/Fell og í Kúvíkur.
3. 25.gr. í samþykktum varðandi þóknanir og rekstrarkostnað sveitarfélagsins.
4. Útleiga og rekstur húseigna sveitarfélagsins.
5. Fasteignagjöld ársins 2018, væntanlegar tekjur sveitarfélagsins.
6. Brothættar byggðir, samningur á milli Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Árneshrepps, samþykktur og undirritaður.
7. Lögð fram drög að Samþykkt um stjórn Árneshrepps, kynning fyrir nýja hreppsnefndarmenn.

1. Kosningar í nefndir og fulltrúar á þing.

Kjörstjórn, aðalmenn; Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2 og Þóróflur Guðfinnsson Kaupfélagshúsi.

Varamenn; Sveindís Guðfinnsdóttir Kjörvogi, Guðlaugur Ágústsson Steinstúni og Jón Guðbjörn Guðjónsson Lítlu-Ávík.

Félagsmálanefnd; Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, varamaður Oddný Þórðardóttir Krossnesi.

Skólanefnd; Elína Agla Bríem Kaupfélagshúsi, Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2.

Varamenn; Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, Sveindís Guðfinnsdóttir Kjörvogi og Oddný Þórðardóttir Krossnesi.

Skipulagsnefnd; Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi.

Varamann; Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Sigursteinn

175.

Sveinbjörnsson Litlu-Ávík.

Náttúruverndarnefnd; Elín Agla Briem Kaupfélagshúsi, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Varamenn; Magnús K. Pétursson Djúpavík, Oddný Þórðardóttir Krossnesi, Árny B. Björnsdóttir Melum 1.

Byggingarnefnd; Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði og Björn Torfason Melum 1.

Varamenn: Þórólfur Guðfinnsson Kaupfélagshúsi, Valgeir Benediktsson Árnesi 2 og Jón Guðbjörn Guðjónsson Litlu-Ávík.

Samgöngunefnd; Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Magnús K. Pétursson Djúpavík og Ingólfur Benediktson Árnesi 2.

Varamenn: Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ellen Björnsdóttir Melum 1 og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði.

Atvinnumálanefnd; Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, Bjarnheiður Fossdal Melum 1 og Guðlaugur Ágústsson Steinstúni.

Varamenn; Björn Torfason Melum 1, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Magnús K. Pétursson Djúpavík.

Fulltrúi á Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga; Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Varamaður Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði.

Fulltrúi á Fjórðungsþing Vestfirðinga; Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Varamaður Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði.

2. Vegabætur í hreppnum fyrir fé út styrkvegasjóði. Mikilvægt er að fá sem hagstæðust tilboð til að fjármagnið nýtist sem best. Ákveðið var að fela Birni Torfasyni og Héðni B. Ásbjörnssyni Djúpavík að taka málið að sér og skipuleggja vinnuna. Úthlutað hefur verið kr. 1.000.000,- úr styrkvegasjóði af hálfu Vegagerðarinnar.

3. Þóknanir og rekstrarkostnaður. Ákveðið var að hækka laun oddvita um 6% samkvæmt kjarasamningum og þóknanir fyrir fundarsetu um verður kr. 8.000,- .

4. Útleiga og rekstur húseigna. Ákveðið var að hækka gjaldtöku af gistingu í skólanum fyrir næsta ár og endurskoða alla aðra útleigu. Ennfremur var tekið fyrir bréf frá Elínu Öglu Briem

176.

vegna gistisölu í íbúð 3 í Kaupfélagshúsinu. Viðkomandi leigjanda var veitt heimild til útleigu með því skilyrði að aðrir íbúar í sama stigagangi hefðu ekki við það athugasemdir. Svo reyndist ekki vera og verður því að líta svo á að umrædd starfsemi sé ekki leyfileg og beri því að hætta henni strax.

5. Fasteignagjöld ársins 2018. Oddviti skýrði frá stöðu mála og hvers sé að vænta af greiðslum inn í sveitarsjóð.

6. Samningur um Brothættar byggðir á milli Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Árneshrepps var samþykktur af hreppsnefnd og oddviti skrifaði undir fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Drög að Samþykktum um stjórn Árneshrepps voru lögð fram til kynningar og verða tekin til seinni umræðu á næsta fundi.

8. Ákveðið var að taka fyrir bréf frá Jóni Guðbirni Guðjónssonar varðandi styrk frá sveitarfélaginu til reksturs heimasíðunnar Litla-Hjalla. Ákveðið var að styrkja heimasíðuna um kr. 40.000,-

9. Einnig var tekið til umræðu bréf frá Elínu Öglu Briem varðandi skólastarf í Finnbogastaðaskóla veturinn 2018 – 2019. Hreppsnefnd óskar eftir nánari upplýsingum varðandi kostnað og fyrirkomulag. Einnig telur hreppsnefnd að kalla skuli til samstarfs nýskipaða skólanefnd og jafnvel fleiri aðila.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:20.

